

**Fundargerð 85. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

22. október 2015 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík, kl. 8:30.

Mættir

Frá stjórn FF: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, og Guðjón Bragason, Sævar Skaptason

Frá FMS: Ólöf Ýrr Atladóttir (vék af fundi eftir lið nr. 2), Örn Þór Halldórsson.

Frá Forsætisráðuneyti: Eydís Eyjólfsdóttir (vék af fundi eftir lið nr. 2)

Frá Umhverfisráðuneyti: Stefán Guðmundsson (vék af fundi eftir lið nr. 2)

**1. Staða verkefna á vegum Forsætisráðuneytis**

*Verkefni ganga vel að sögn Eydísar og er sérstök ánægja með fyrirkomulag síðustu úthlutunar.*

**2. Staða verkefna á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis.**

*Meginhluti verkáætlana hafa verið sendar til FMS, en greiðslur hafa ekki borist.*

*Í máli fulltrúa FOR og UAR kom nokkur óánægja fram með framkvæmd eftirlits með framvindu verkefna og það þyrfti að einfalda. Skerpa þyrfti á því að eftirlit með úthlutun FF9 væri á höndum ráðuneytis viðkomandi styrkþega.*

**3. Afgreiðslur umhverfisstjóra .**

a. Farið yfir fjölda og lista umsækjanda næstu úthlutunar ef kostur er, en Ferðamálastofa hefur ákveðið að framlengja frestinn til 22. október vegna verkfalla.

*U.þ.b. 127 umsóknir eru komnar inn, en vona er á mun fleirum*

b. Staða verkefna.

*Lítið hefur breyst frá síðasta fundi, en umhverfisstóri hefur ekki haft tök á að senda út fleiri ítrekunarbref.*

c. Minnisblað um niðurfellingu mótframlags vegna Goðafoss lagt fram

*Bókun stjórnar: Stjórnin samþykkir að gera tillögu til ráðherra vegna málsins, að lagfærðu minnisblaði, þar sem gerð verður grein fyrir, að ákvæði samninga eru mismunandi um mótframlag. Einnig þarf að bæta við rökstuðning. Minnisblað verður unnið áfram á milli funda með aðkomu stjórnar í gengum tölvupóst. .*

**4. Önnur mál:**

a. Albína sagði frá samtali við Framkvæmdasýslu um framvindu verkefna á þeirra vegum.

b. Fyrirspurn dags 21.10.2015 frá Akureyrarstofu lögð fram, þar sem fram kemur ósk um lokagreiðslu þrátt fyrir að verkefni væri ekki fullklárað. Verkið hefur reynt mun dýrara og umfangsmeira en upphaflega var áætlað og ætlun Akureyrarstofu er að sækja um aukinn styrk í framhaldinu.

i. *Bókun stjórnar: Erni er falið að svara erindinu og óska eftir formlegu erindi ásamt lokaskýrslu, sem verður tekið fyrir á næsta fundi.*

Næsti fundur ákveðin 10. nóvember 8:30-10:30

Fundi slitið kl. 10:10

Fundargerð ritaði Örn Þór Halldórsson.

*Albina Thordarson*  
*Guðjón Bragason*  
*Sævar Skaptason*  
*Anna G. Sverrisdóttir*